

## 4. kafli: Félagsmótun

### Hugtök

Félagsmótun

Persónuleikinn

Sjálfið

Félagsleg samskipti

Tákn

Spegilsjálfið

Frummótun

Mótun tengd framtíð

Mótun tengd nýrri reynslu

Víxluð mótun

Endurmótun

## 4. kafli: Félagsmótun

**Spurningar sem nemendur eiga að geta svarað eftir að hafa lesið kaflann:**

1. Skilgreindu félagsmótun.
2. Skilgreindu hugtakið persónuleiki.
3. Útskýrðu mikilvægi félagsmótunar með dæmum um börn sem hafa verið alin upp án afskipta manna.
4. Hvað eru félagsleg samskipti?
5. Hvað er sjálf?
6. Gerðu grein fyrir kenningu C. H. Cooleys.
7. Gerðu grein fyrir mismunandi tegundum félagsmótunar.
8. Gerðu grein fyrir mismunandi félagsmótunaraðilum.
9. Gerðu grein fyrir mismunandi æviskeiðum.
10. Útskýrðu hvernig hvert æviskeið einkennist af ákveðnum félagsmótunaraðilum og tegundum félagsmótunar.

## 4. kafli: Félagsmótun

### Verkefni:

1. Kynntu þér söguna um Tarzan og hvenær bækurnar um hann voru gefnar út. Hvaða viðhorf gagnvart erfðum og félagsmótun koma þar fram?
2. Gerðu stutta könnun á samskiptum fólks þar sem engin orð koma við sögu. Lýstu samskiptunum, t.d. merkjum, bendingum, svipbrigðum, látbragði og útskýrðu hvað þau þýða.
3. Hver er munurinn á því að vera unglingur núna eða í bændasamfélaginu? Hver er helsti munur á félagsmótun og félagsmótunaraðilum þá og nú?
4. Hver er munurinn á því að vera unglingur á Íslandi eða í óiðnvæddu samfélagi? Skiptir máli hvort viðkomandi er strákur eða stelpa?
5. Hvaða áhrif hefur kynferði á stöðu okkur og félagsmótun? Hver er munurinn á því að vera ung stúlka/drengur að alast upp í upphafi 21. aldar eða um 1880? Hver er munurinn þegar tekið er tillit til efnahagslegrar stöðu foreldranna?
6. Kannaðu jafnrétti kynjanna: hvernig hefur staða kynjanna breyst á undanförunum áratugum? Hvaða munur er á launum kynjanna? Hvaða möguleika hafa konur á að komast í áhrifastöður í þjóðfélaginu? Hafa lög um feðraorlof breytt viðhorfi atvinnurekenda varðandi val á starfsfólki?
7. Hver eru áhrif fjölmiðla? Athugaðu auglýsingar sem beint er sérstaklega til unglunga og/eða barna, hvaða vörur er verið að auglýsa og hvernig eru þær settar fram?
8. Hvaða ímyndir kynjanna eru settar fram í auglýsingum og/eða tónlistarmyndböndum?